

Selfossi, 8. desember 2021

Stofnfundur Foreldrafélags Stekkjaskóla 16. desember 2021 kl. 20:00

Hér með er boðað til stofnfundar Foreldrafélags Stekkjaskóla í húsnæði skólans við Heiðarstekk 10 á Selfossi **fimmtudagskvöldið 16. desember næstkomandi kl. 20:00**. Undirritaðir fulltrúar úr hópi foreldra tóku að sér að undirbúa stofnun félagsins og gera drög að fyrstu lögum þess, sem fylgja með fundarboði þessu og verða borin upp til samþykktar á fundinum. Dagskrá stofnfundarins verður eftirfarandi og framkvæmd í samræmi við þau drög að lögum sem fyrir liggja eins og við á:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Lög félagsins – drög að lögum félagsins kynnt og borin upp til samþykktar
- Kosning formanns og annarra stjórnarmanna
- Kosning skoðunarmanns reikninga
- Kosning tveggja fulltrúa í skólaráð
- Ákvörðun árgjalds
- Önnur mál

Þar sem fundurinn fer fram utan skólatíma þá þarf ekki að hafa áhyggjur af fjöldatakmörkunum og fari fjöldinn yfir 50 manns þá verður hópnum skipt í fleiri en eitt rými og þess gætt að öllum reglum verði fylgt enda tæknibúnaður skólans til fyrirmyndar. Foreldrar eru þó áminntir um grímuskyldu og þess að gæta vel að persónubundnum sóttvörnum, svo sem handþvott og sprittun. Skólastjórnendur verða á staðnum og verður foreldrum boðið að skoða húsnæði skólans, hvort sem er hálf tímann fyrir fund eða að fundi loknum.

Það er okkur öllum og börnum okkar afskaplega mikilvægt að byggja strax upp öflugt foreldrastarf við okkar nýstofnaða skóla og eru foreldrar því sérstaklega hvattir til þátttöku í fundinum og þeir sem áhuga hafa á að starfa í fyrstu stjórn foreldrafélagsins eru hvattir til þess að koma sér á framfæri með því að senda tölvupóst á eitthvert undirritaðra. Stjórnina munu skipa fimm manns og formann þarf að kjósa sérstaklega þannig að ef þú finnur eldmóðinn í brjóstinu og hefur áhuga á að leiða starfið og gegna formannsembættinu, ekki hika við að gefa þig fram 😊. Þarna er einstakt tækifæri til þess að fá að taka þátt í að móta starf foreldrafélagsins strax í upphafi og hafa jákvæð áhrif á skólaumhverfi barnsins þíns.

Með aðventukveðju

Eva María Pétursdóttir – evam.petursdottir@gmail.com

Guðjón Bjarni Hálfðánarson – gudjon05@gmail.com

Pétur Aðalsteinsson – petur.adalsteinsson@isb.is